

Hr. Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra
Utanríkisráðuneytið
Reykjavík

12. júní 2012

Ágæti ráðherra,

Sjöundi fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu var haldinn í utanríkisráðuneytinu hinn 21. maí síðastliðinn. Hann hófst með hádegisverði þar sem María Erla Marelsdóttir, sviðsstjóri þróunarsamvinnusviðs greindi frá nýlegri heimsókn ráðherra til Malaví. Þá sagði Þórdís Sigurðardóttir staðgengill framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands jafnframt frá verkefnum stofnunarinnar í landinu. Dagskrárefni fundarins voru fjölmörg. Kynnt voru tvö ný stefnuskjöl frá Þróunarsamvinnustofnun Íslands, annarsvegar Samstarfsáætlun fyrir Malaví árin 2012-2016 og hinsvegar Sýn og starfshættir Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Einnig var sagt frá nýju samstarfi Íslands og Alþjóðabankans á sviði jarðhitanýtingar í Austur Afríku ásamt því að greint var frá ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem fram fer í Ríó de Janeiró í júnímánuði. Þá var farið yfir stuðning Íslands á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar, bæði aðstoð sem veitt hefur verið í gegnum alþjóðastofnanir og aðstoð til íslenskra félagasamtaka. Greint var frá skýrslu Ríkisendurskoðunar um skuldbindandi samninga utanríkisráðuneytisins auk þess sem sagt var frá vinnu við gerð framtíðarskipulags skóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Þórdís Sigurðardóttir kynnti fyrir samstarfsráðinu samstarfsáætlun fyrir Malaví fyrir árin 2012-2016, en þar er um að ræða fyrstu áætlunina sem gerð er um samstarf Íslands við áherslulönd Íslands á sviði þróunarsamvinnu. Í áætluninni er lögð áhersla á samstarf við Mangochi-hérað á sviði lýðheilsu, menntamála og vatns- og hreinlætismála. Samstarfsáætlunin var lögð fram til umsagnar samstarfsráðsins sem lýsti yfir stuðningi við hana. Þórdís kynnti jafnframt nýtt skjal um stofnunina sem nefnist Sýn og starfshættir ÞSSI. Þar er mælt fyrir um hlutverk stofnunarinnar ásamt því að bregða upp almennri sýn á starfsemina og lýsingu á markmiðum hennar. Jafnframt er greint frá framkvæmd, áherslum, fjármögnun, samstarfsáætlunum og verklagi, auk þess sem fjallað er um verkefnistengda mælikvarða og hvernig hægt er að meta árangur af starfinu. Skjalið var lagt fram til umsagnar samstarfsráðsins sem lýsti yfir stuðningi við það að lokinni umræðu.

Þá var samstarfsráðinu kynnt nýhafið samstarf Íslands og Alþjóðabankans á sviði jarðhitanýtingar í Austur-Afríku, en með því er Ísland orðinn helsti ráðgjafi Alþjóðabankans á sviði jarðhitanýtingar. Samstarfið snýr að aðstoð við löndin sem staðsett eru á Austur Afríku sigdældinni.

Anna Katrín Vilhjálmsdóttir greindi einnig frá ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (RÍÓ +20) sem fram fer í Ríó de Janeiró í júnímánuði. Hún sagði frá helstu áherslumálum Íslands, sem eru fjögur og snúa að málefnum hafsins, landgræðslu, hreinni orku og jafnrétti kynjanna. Hún sagði samningsviðræður um niðurstöðuskjalið vera í fullum gangi, en líklegt má teljast að hin „sjálfbæru þróunarmarkmið“ (e. *Sustainable Development Goals*)


muni fá mikla athygli og tengjast því sem tekur við af Þúsaldarmarkmiðum SP um þróun. Ennfremur greindi hún frá því að tekið verði tillit til niðurstöðu RÍÓ+20 við mótun umhverfisstefnu í þróunarsamvinnu, en samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun fyrir 2011 – 2014 er gert ráð fyrir að slík stefna liggi fyrir á þessu ári.

Svanhvít Aðalsteinsdóttir greindi frá neyðar- og mannúðaraðstoð Íslands á árinu, sem er veitt bæði í gegnum alþjóðastofnanir og félagasamtök. Hún sagði frá því að á Sahel svæðinu og í Súdan væri yfirvofandi hætta á hungursneyð og að utanríkisráðherra hefði ákveðið að veita 13 milljónum króna til Matvælaáætlunar SP (WFP) í því sambandi. Svanhvít sagði einnig frá styrkjum til frjálsra félagasamtaka, en frá og með árinu 2012 er sérstakur fjárlagaliður tileinkaður framlögum til verkefna félagasamtaka. Verklagsreglur UTN og ÞSSÍ frá árinu 2010 um úthlutanir til félagasamtaka verða endurskoðaðar á árinu.

María Erla Marelsdóttir kynnti skýrslu Ríkisendurskoðunar um skuldbindandi samninga ráðuneytisins og helstu ábendingar sem ráðuneytið fékk þar að lútandi. Fram kemur að skjalfesta þurfi verklagsreglur vegna samningamála, fylgjast með því að stofnanir uppfylli ákvæði samninga og tengja þarf greiðslur við markmið, frammistöðu og/eða framvindu. Fagteymi um verklag og eftirlit mun vinna að slíkum verklagsreglum m.t.t. skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Að lokum greindi Anna Katrín Vilhjálmsdóttir frá vinnu við gerð framtíðarskipulags HSP á Íslandi, en stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í júnímánuði.

Með kveðju,



Valgerður Sverrisdóttir

Formaður Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu

Afrit. Fulltrúar í Samstarfsráði um alþjóðlega þróunarsamvinnu.